

## AUGLÝSING

### um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Fjarðabyggð (Eskifjörður, Neskaupstaður og Reyðarfjörður) myndi eina almannavarnanefnd, og

að Búða-, Stöðvar-, Breiðdals- og Djúpavogshreppur myndi aðra almannavarnanefnd, þannig að með þessum hætti verði starfandi í Suður-Múlasýslu tvær almannavarnanefndir sem skulu hafa með sér samstarf um almannavarnir í umdæminu.

Auðlýsing þessi tekur þegar gildi.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. ágúst 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í landi Botna í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 28. maí 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir 6 frítímahús að Botnum í Skaftárhreppi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 22. ágúst 2001.*

F. h. Skaftárhrepps,

**Benedikt Lárusson** byggingafulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 3. maí og 5. júlí 2001 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Garðabæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

29. ágúst 2001.

F.h. Garðabæjar,

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

Nr. 662

## REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2000.

### Rekstrarreikningur.

<b>Fjármunatekjur:</b>	<b>kr.</b>
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánam .....	742.240.548
Aðrar vaxtatekjur .....	22.967.228
Lántökugjöld .....	16.269.591
Fjármunatekjur alls: .....	<u>781.477.367</u>
 <b>Fjármagnsgjöld:</b>	
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánam .....	200.638.326
Önnur vaxtagjöld .....	217.386
Lántökugjöld .....	369.797
Fjármagnsgjöld alls: .....	<u>201.225.509</u>
 Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu .....	580.251.858
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga .....	<u>-261.658.787</u>
Hreinar fjármunatekjur: .....	<u>318.593.071</u>
 <b>Aðrar tekjur:</b>	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	66.448.840
Aðrar tekjur alls: .....	<u>66.448.840</u>
 <b>Rekstrargjöld:</b>	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði .....	17.986.437
Sérkostnaður Lánasjóðs .....	7.241.326
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....	1.116.432
Rekstrargjöld alls: .....	<u>26.344.195</u>
 Tekjuafgangur ársins: .....	<u>358.697.716</u>
 <b>Efnahagsreikningur 31. desember 2000.</b>	
<b>Eignir.</b>	
<b>Fastafjármunir:</b>	
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Fasteign .....	30.482.588
Varanlegir rekstrarfjármunir alls: .....	<u>30.482.588</u>